

BREYTING Á FISKELDI RIFÓSS HF., LÓNI Í KELDUHVERFI, NORÐURÞINGI

Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 20. mars 2009 tilkynnti Rifós hf. um breytingu á fiskeldi félagsins í Lóni í Kelduhverfi til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1g og 13a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Norðurþings, Matvælastofnunar - dýralæknis fisksjúkdóma, Fiskistofu- lax- og silungsveiðisviðs og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Norðurþingi með bréfi dags. 7. apríl 2009, Matvælastofnun-dýralækni fisksjúkdóma með bréfi dags. 21. apríl 2009, Fiskistofu- lax- og silungsveiðisviði með bréfi dags. 3. apríl 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. apríl 2009.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Rifós hf. hefur leyfi til framleiðslu á allt að 500 tonnum af laxi og 200 tonnum af bleikju á ári. Félagið tilkynnir að sótt hafi verið um stækkun á fiskeldinu til Umhverfisstofnunar, þannig að ársframleiðsla verði allt að 700 tonn af laxi og 500 tonn af bleikju, en þó verði heildarframleiðslan aldrei meira en 1.000 tonn á ári. Um þessar mundir sé verið að nota eldiskvíar, sem samanlagt séu 52.140 m³ að stærð, en með stækkun verði eldisrýmið aukið um 12.600 m³. Fram kemur að kvíar séu færðar til annað hvert ár og fóðurleyfum og skít dælt út í ytra lónið á útfalli. Kvíar til seiða- og matfiskaeldis séu 6-7 metra djúpar og þar sem kvíar voru staðsettar áður sé dýpi lónsins 10-12 metrar, en þar sem kvíar séu nú staðsettar sé dýpi um 10 metrar. Fiskúrgangur (slóg, hausar og dálkar) sé nýttur til vinnslu á loðdýrafóðri hjá Eldisfóðri á Vopnafirði og Fóðurgerð Kaupfélags Skagfirðinga. Olíuúrgangi, sem var um 400 lítrar árið 2008, sé safnað í tunnur og skilað til Sorpsamlags Þingeyinga. Rotþrær séu tæmdar árlega og innihaldinu komið fyrir í sandi.

Fram kemur að ákoma skíts og fóðurleyfa sé metin árlega með köfun. Um sumarið árið 2007 hafi verið kannað botnlag undir flotkvíum og könnuð aursöfnun á botni frá eldinu. Jafnframt hafi verið metin gasmyndun og uppsöfnun rotnunargass undir aurlögum. Fjarlægð kvíanna frá botni lónsins hafi verið um 1,5 - 2 metrar. Undir þeim hafi verið um 60 cm þykkt botnfall áður en komið hafi verið niður í þéttann botn, þar af hafi u.þ.b 20-30 cm verið fóðurleyfar og fiskúrgangur. Set undir kvíunum hafi verið þéttsetið strýtum, þar sem gas hafi streymt greiðlega upp úr setlaginu. Þar sem kvíar hafi áður verið í lóninu séu greinilegar rákir í botni, sem myndast hafi við það að seti var dælt í burtu á sínum tíma og líklegt sé að náðst hafi að dæla nánast öllu drullulagi í burtu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að ekki sé til deiliskipulag fyrir fiskeldi í Lóni í Kelduhverfi.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Norðurþing, Matvælastofnun-dýralæknir fisksjúkdóma, Fiskistofa- lax- og silungsveiðisvið og Umhverfisstofnun telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skuli hún því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögnum kemur fram að árið 2001 hafi mikið af laxi drepist í eldiskvíum Rifóss, sem rakið hafi verið til brennisteinsvetnis (H_2S) úr botnseti undir kvíunum og meðfylgjandi súrefnisskorts. Fram kemur að árið 2005 hafi lónið þar sem eldið fari fram verið rannsakað, sem leitt hafi í ljós að frá náttúrunnar hendi sé lónið ekki vel fallið til fiskeldis. Þol viðtakans (lónsins) sé metið þannig að framleiðsluaukning, sem hér um ræði, breyti litlu hvað varðar umhverfisskilyrði í Lóni. Bent er á að hreinsun úrgangs undir kvíum sé góð aðgerð til að minnka súrefnisnotkun og hættu á myndun brennisteinsvetnis. Slíkar aðgerðir hafi Rifós stundað auk þess að færa kvíar til í lóninu.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í umsögn Norðurþings kemur fram að ekki sé til deiliskipulag fyrir fiskeldi í Lóni. Aðalskipulag Kelduneshrepps 1995-2007 geri ráð fyrir fiskeldi í Lóni en skipulagið afmarki ekki athafnasvæði í vatni og fjalli ekki um framleiðslumagn.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun á fiskeldi Rifóss hf. í Lóni í Kelduhverfi úr 700 tonna ársframleiðslu í 1.000 tonn á ári. Ætlunin er að ala allt að 700 tonn af laxi og 500 tonn af bleikju á ári, en eldinu verði þó hagað þannig að heildarframleiðslan fari aldrei yfir 1.000 tonn á ári.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g og 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Rifóss hf. við tilkynningu og umsagnir vegna málsins. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun á fiskeldi Rifóss hf. í Lóni í Kelduhverfi úr 700 tonnum í allt að 1.000 tonn á ári sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi frá Umhverfisstofnun sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og rekstrarleyfi Fiskistofu skv. 7. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Rifós og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. júní 2009.